



Fundargerð

Stjórnarfundur Pyts

Haldinn 1. apríl 2020 með fjarfundarhugbúnaðinum zoom og hófst 19:15

Fundinn sátu: Árni Áskelsson (ÁÁ), Hulda Stefanía Hólm (HH), Jóhannes Bergþór Þórarinnsson (JP), Markús Pétursson (MP), Ólafur St. Arnarsson (ÓA), Sigurður Ragnar Guðmundsson (SG)

Fundargerð ritaði: ÓA.

Dagskrá

1. Fundargerðir síðustu funda bornar fram til samþykktar.

Samþykkt

2. Kajakdeildin og hvað er að gerast þar

Grundvöllur settur á samstarf og samvinnu. Jón Kristinn formaður og Guðni Páll formaður Kayaksklúbbsins eru báðir samþykktir. Samróður á miðvikudögum kl 18:00. Gera þarf samning þar sem þeim er gert ljóst að við klúbburinn tekur enga ábyrgð á bátunum gangvart geymslu.

3. Staðan á nýja gæslubátum

Báturinn er tilbúinn og það er búið að borga. Bærinn kemur á móts við Pyt með því að borga þrjár milljónir á þessu ári og þrjár á næsta ári.

4. Endurnýjunaráætlun gæslubáta

Litli svarti er 15 ára og með mótur frá 2015. Spurnig hversu lengi 400 þúsund króna viðgerðin dugi? Ákveðið er að setja litla svarta á sölu og þann sem gert var við í fyrra en selja þá aðeins annan þeirra. MP

5. Raquero bátarnir

Þessir bátar eru hannaðir sem kennslubátar og engin réttindi þarf til að sigla þeim. Það býður upp á fleiri möguleika á uppbyggingu siglinganámskeiða og henta betur þar sem kunnátta og færni iðkenda er mismunandi.

6. Ráðning framkvæmdastjóra

Samkvæmt rekstrarsamningi Hafnarfjarðarbæjar við Íþróttafélög í Hafnarfirði er iðkendafjöldi í Pyt það mikill að bærinn borgar bókara og 20% stöðu framkvæmdastjóra.

7. Staðan tekin á Covid málum og samkomubanninu

ÓA bókar: Milli síðasta stjórnarfundar og þessa stjórnarfundar var sú ákvörðun tekin að hætta öllu íþróttastarfi tímabundið til þess koma í veg fyrir útbreyðslu COVID-19 veirunnar. Þessi ákvörðun var tekin eftir spjall á facebook spjallrás. Raunar var þessi ákvörðun tekin af ÍBH eða ÍSÍ eða Víði. En umræðurnar á spjallrásinni voru aðallega um það hvort hægt væri hægt að halda upp einhverju íþróttastarfi. Að mínu mati er hér um svo miklar breytingar á íþróttastarfi að ræða að rétt hefði verið að boða til stjórnarfundar.



Fundargerð

Stjórnarfundur Pyts

Í samkomubanninu verður reynt að gera við Secret bátana og yfirfara kænur og lasera ásamt því að halda áfram viðgerðum á gæslubátum.

8. Starfsáætlun fyrir árið

Frestað

9. Staðan, möguleikar og upsetning Nóra fyrir Pyt

Frestað

10. Ábendingarformin

Á gangi klúbbhússins eru plastvasar ætlaðar útfylltum ábendingarformum. Hugmyndin er sú að þetta sé ein leið til að benda stjórn á ef eitthvað vantar eitthvað, eitthvað bilað eða þess háttar.

Ákveðið að tékka á þessu fyrir hvern stjórnarfund og hafa sem fastann dagskrárlið stjórnarfunda.

Ábending um ruslflokkun tekin fyrir. HH tékkar á Terra..

11. Sjötta bekkjarkynning.

Haft var samband við forvarnarfulltrúa Hafnarfjarðarbæjar, Geir Bjarnason. Hann vísaði þessu til þjónustufulltrúa mennta og lýðheilsusviðs, Vigfús Hallgrímsson.

Ása, Birna og Baldur eru til í að manna gæslubáta gegn gjaldi.

ÁÁ tekur að sér excel vinnu.

12. Endurnýjun keðju í legufærunum

MP hefur verið í viðræðum við Ísfell og má vænnta tilboða á næsta fundi.

13. Skipun keppisstjórnar opnunarmóts kjölbáta

Kappsilgnarfyrirmæli þarf að senda mánuði fyrir keppni. Þurfum aðstoð frá SÍL og öðrum klúbbum. MP og HH.

14. Önnur mál

Næsta vetur er fyrirhugað að bjóða upp á verkefni fyrir félagsmenn sem miðar að því að smíða mót eftir teikningum að Jersey skiff og smíða síðan tvo slíka báta. Áætlaður efniskostnaður er um 100 þúsund. Áætlaður mótarkostnaður er um 300 þúsund.

Ákveðið að gefa verkefnahóp er varða viðgerð Skýjaborginnar frest til 10. apríl til þess að koma henni út úr húsi. Senda þarf þeim tilkynningu þess efnis sem fyrst. MP

MP fór yfir stöðu annara verkefna.

Næsti stjórnarfundur boðaður 15. apríl klukkan 19:15

Fundi slitið klukkan 22:00



Fundargerð

Stjórnarfundur Pyts